

Skýrsla Reykjavíkuranga.

Starf Reykjavíkuranga markaðist líkt og starf alls Kvennalistans síðasta ár af Alþingiskosningunum 20.april. Segja má að undirbúningur vegna þeirra hafi byrjað í september með skipan uppstillinganeftnar og um svipað leyti var gerð n.k. starfsáætlunar kosninganeftnar.

Uppstilling á lista.

Framkvæmdanefnd lístans breyttist í kosninganeftnd þegar líða tók á veturinn. Efstu sæti framboðslistans í Reykavík voru kynnt á félagsfundí 20.oktober. Verkiag uppstillingarneftnar olli tóluverðu fjaðrafoki og greinilegt var að um var að ræða ólikar túkanir á samþykktum fyrri félagsfunda paraðlítandi. Uppstillinganeftnd skrifði mjög nákvæma skýrslu um störf sín og er athugandi að skoða þá skýrslu og ferili uppstillingar á listann mjög vandilega í því skyni af læra af reynslunni.

Allur framboðslistinn var kynntur á félagsfundí 13.febrúar.

Ráðstefna í Hjarðarbóli.

I febrúar var haldinn ráðstefna að Hjarðarbóli í Ölfusi. Þar voru eftirtaln atriði á dagskrá: -Réttindi og skyldur þingkvenna og varapþingkvenna, -hin svokallaða ráðfreyjuhugmynd - kosningabaráttan, -stefnuskráin og -önnur mál. Ágæta umræður urðu um öll þessi mál sem færðar voru til bókar og gætu verið athyglisverðar sem innlegg í slitendalausa þaráttuna þó ekki séu yfirvofandi kosningar.

Kosningastýrur

Gerla var ráðin í starf kosningastýru þ. 15. febrúar og Guðrún

Agnarsdóttir

þ. 15 marz og voru báðar í fuliu starfi til 1. maí.

Kosningaskrifstofa

Tóluverður eltingaleikur varð við að finna hentugt húsnæði fyrir kosningaskrifstofu Reykjavíkuranga en án árangurs. Anginn hafði því kosningaskrifstofu sína að Laugavegi 17 og greiddi allan fastan kostnað af húsnæðinu 20. marz til 20.apríl.

Kvennapósturinn

Framkvæmdanefnd tók að gefa út sérstakt anga-fréttabréf þegar líða tók á veturinn. Fréttabréfið heitir Kvennapósturinn og kemur enn þá út þegar þurfa þykir.

Afmælisveisla

Föstudaginn 15. marz stóð anginn fyrir afmælisveislu Kvennalistans og var etið og drukkið á Laugavegi 17.

Kosningahátið

Laugardaginn 13. apríl stóð anginn fyrir kosningahátið í Gerðubergi. Þar voru fluttar viðeigandi ræður, sungið, leikið og seit.

Imba kvödd.

Starfskona Samtakanna í þrjú ár, Ingibjörg Hafstað var formiega kvödd og

henni þokkuð árin í hófi sem anginn stóð fyrir að Laugaveg 17.

Fjármál.

Um fjármái visast til sérstakrar efnahagsskýrslu framkvæmdanefndar angans. Fjármái eru stöðugur hausverkur sem ekki hefur læknast þrátt fyrir rukkun félagsgjálfa, Kolaportið, sólu á politískum minjagripum, blómum, nú síðast harðar innheimtuðgerðir í laugardagskófunum og eiginlega öllu sem nafni tjáir að nefna.

Laugardagskaffi.

Auk starfa vegna kosninga er heist að nefna Laugardagskóffin, sem segja má að hafi unnið sér fastan sess í helgardagskrá óta kvenna ekki síst framkvæmdanefndar kvenna sem sjá um að hellir upp á og sér um meðiæti. Nokkuð hefur verið gert af því að bjóða utanaðkomandi gestum, jafnvel karimónnum, til að hefja máis í umræðunni. Á laugardaginn var kom t.d. Þorsteinn Gylfason professor í heimspeki og ræddi spurninguna "A meirihiutinn að ráða?" Laugardaginn þar áður kom Anna Vaidimarsdóttir og talaði um "staðlaðar kari- og kvenímyndir." Samningar um evrópska efnahagssvæðið, Evrópubandalagið, stóriðja, fjalikonuveldi í kvennahreyfingunni, Tímaskyn kvenna, borgarmálefni, nýjar hræringar í feminisma, bókakynningar, Vinkvennaslit o.fl. eru efni sem verið hafa tiloft fjörugrar umræðu á laugardögum. Næstu þrír laugardagar verða alveg heilaðir hugmyndafræði og nýjum vindum feminisma og mun Guðny Guðbjörnsdóttir hefja máisins á laugardaginn kemur en framhaidinu er ætlað að ráðast af umræðum hvers laugardags til að ná fram samfelli. Eftir það verður jólafrí en á nýju ári er ætlunin að snúa sér að jólabókunum í trausti þess að þá hafi þær verið lesnar.

Framkvæmdanefndin hefur um skeið haft pá stefnu að laugardagskaffin eigi að vera vettvangur kvennapólítískrar hugmyndaumræðu fremur en vettvangur fyrir einstaka málflokka sem þingflokkur og eða borgarmálahópur er að kljást við og kemur sú stefna að nokkru leyti fram í lista yfir efnið.

Ungliðahreyfing.

Hópur ungra kvenna hefur frá því í september hizt reglulega þriðjudagskvöldum á Laugaveginum til að ræða málín sín á milli. Mjög lítið fréttist af þeim umræðum og er það mál okkar eldri kvenna að tímabært sé orðið að þær ungu komi úr felum og segi okkur hvað þær hugsa.

Kvennaskóli.

Framkvæmdanefnd hefur beðið þjár konur að gera drög að námskrá Kvennaskóla, stinga upp á kennurum, gera áætlun um kostnað o.s.fr. og er þeirra áætiana að vænta í næsta mánuði. Í framhaldi af því starfi hefur framkvæmdanefndin fullan hug á að setja kvennaskólann á fót á nýju ári.

Virkjunarmál.

Af þessari skýrslu má lesa að um þó nokkuð öflugt starf sé um að ræða í anganum og má það til sanns vegar færa að mörgu leyti.

Framkvæmdaneftindin á það þó til á fundum sínum að spretta hressilega úr spori í umræðum um virkni og óvirkni kvenna og eru þar ýmsar kenningar á lofti um þá deyfð sem nefndin þykist stundum merkja í starfinu. Þessi skýrsia er hvorki staður né stund fyrir þær vangaveltur og hinarr ýmsu kenningar um menningarárf kvenþjóðarinnar, sem fljúga um á fundunum, en þó er ástæða til að æskja þess að í frjálsum umræðum hér á landsfundi verði a.m.k. imprað á virkjunarmálum Kvennalistans.

November 1991, f.h. framkvæmdaneftindar í Reykjavík, vonandi gleymi ég ekki mörgu. Magdalena Schram.

Skýrsla Reykjavíkuranga

Stær Reykjavíkuranga meðalársins líkt og ó líkt ófyrirvara um
þessum kostnaðum þó ekki sér ófyrirvara um ófyrirvara um
þessum kostnaðum ófyrirvara um ófyrirvara um ófyrirvara um
þó ekki sér ófyrirvara um ófyrirvara um ófyrirvara um ófyrirvara um

Uppslitug, 8. júní

Það kostar beinharða peninga að heyja
kosningabaráttu og í útlögðum kostnaði má
segja að hver þingkona Kvennalistans í
Reykjavík hafi kostað um hálfa milljón.

Það eru miklir peningar miðað við
fjárhagsstöðu Reykjavíkuranga, sem var
bágborin um síðustu árammót, en sjálf sagt
smámunir ef miðað er við kostnað við hvern
þingmann í hinum hefðbundu
stjórnmálaflokkum.

Úr sameiginlegum sjóði samtaka okkar fengum
við 855.484. krónur, og frá áramótum fram
yfir kosningar borguðu 10-20 konur
mánaðarlega í kosningasjóð samtals um 193
þúsund krónur. Framkvæmdanefn ákað að
setja árgjöldin í innheimtu, á fæti eins og
það heitir á fagmáli rukkara, frekar en að
senda út gíróseðla eða leita annara leiða.
Um 25% þeirra sem eru á skrá hafa greitt
árgjaldið.

Auglýsingar eru lang stærsti
kostnaðarliðurinn í baráttunni eða 572.247
þúsund, prentkostnaður reyndist 268.542
krónur, laun og launaatengd gjöld 284.264
(þarf að ath. gæti verið meira),
skrifstofa/ póstur 58.551 og annar
kostnaður 218.697.

Þegar upp var staðið voru skuldir angans
rúmar 500 þús.kr. Samið var um greiðslu á
auglýsingareikningum hjá DV og Útvarpinu.
Þá reikninga verður búið að greiða nú um
áramótin. Til að bjarga málum í sumar var
tekið lán uppá 250 þús. og gengu þingkonur
okkar í ábyrgð. Þetta skuldabréf var tekið
til eins árs og kemur til greiðslu frá 1.
jan. 1992.

Í stuttu máli er þetta fjárhagsstaða
Reykjavíkuranga núna.

Skýrsla frá Vestfjarðaanga.

Tamislegt höfum við bardusað á liðnu ári, þegar grant er skoðað, þótt okkur finnist við aldrei gera nóg. Mestur timinn fór að sjálfsögðu í kosningaundirbúning og -baráttu. Það gekk ekki þrautalaust að koma saman lista, við skrifuðum bréf og sendum um allar trissur og enduðum með því að hringja, hringja, tala og tala konur til. En allt hefst að lokum. Kosningabaráttan var hefðbundinn við réðum okkur frábera kosningastýru, fengum ágætis skrifstofuhúsnaði þannig að aðstaður voru bara barilegar. Við gáfum út þrjá Pilsáptyi fyrir kosningar og einn í sumar(19. júní). Svo vorum við með flóamarkað og tóku svo þátt i heljarinnar fundarferð þar sem haldnir voru ótal fundir á örfaum dögum, algjör bilun, en svona skyldi það vera, ákváðu þingmennirnir. Hvað um það við fengum þingkonu þótt við hefðum viljað sjá miklu fleiri atkvædi okkur greidd bædi hér sem og annarsstadar á landinu. Ég let hér fljóta með eina reynslusógu sem hvergi gati gerst nema hér fyrir vestan.

Barningur í "baráttunni".

Sá saga að vestan.

Það var einn sólbjartan vetrarorgun í apríl, að kosningafundaferð frambjóðenda á Vestfjörðua höfst með flugferð til Gjögurs. Að sjálfsögðu voru það þingmennirnir sem réðu ferðinni og starsti flokkurinn tók auðvitað að sér skipulagningu og fjármál. Skyldu allir borga jafnt án tillits til fjölda frambjóðenda á ferð. Það mátti nú ekki gera okkur "litlu" framboðunum leikinn of auðveldan, var vist nögu slæmt að neydast til að láta okkur fá jafnan ráðutíma.

Jaja, til Gjögurs komumst við Jóna Valgerður á mettima í dásamlegu veðri og fundurinn fór hið besta fram og fundarmönnum boðið uppá kaffi og með því, enda Strandamenn annálaðir fyrir gestrisni. Það verður að segjast eins og er að þessir fundir voru þrekaun hin mesta, þeir stóðu lágmark í 4 klukkustundir án hlés, oftast var vatnglas það eina sem boðið var uppá, örlitill vitnisburður um hugsunarleysi skipuleggjandanna. Það er nefnilega ekki nóg að auglýsa og auglýsa ef fundarformið felir fólk frá því að mata.

Undirritaðri leið nū ekkert of vel framan af fundi í Arneshreppnum, því þetta var minn fyrsti frambjóðsfundur og átti ég von á öllu illu frá "hákórlunum" í hinum liðunum. En viti menn, þessir annáluðu kjaftaskar, Matti Bjarna, Sighvatur og Óli Þ. voru hinir prúðustu og hélast það allt ferðalagið (með örfaum undantekningum). Að fundi loknum var flogið til Hólmavíkur þar sem annar fundur var haldinn um kvöldið.

Næsta dag var skipt liði, og fór Jóna til Reykhóla og ég til Borðeyrar. Þangað er tveggja tíma keyrsla frá Hólmavík og alveg hafði skipulagsstjórnin gleyst að gera ráð fyrir ferðum þangað en sem betur fer sigum við góðar konur að á Ströndunum eins og víðar. Gekk sú ferð tildeindalaust fyrir sig enda veður þokkalegt.

Morguninn eftir var síðan áætlað að halda til Tálknafjardar og hefst þar með barningssaga hin meiri. Þegar frétti bárust til minn af flugi, en að sjálfsögðu voru flugferðir ótímasettar, þá kom í ljós að búið var að fylla flugvélina í tvar af þremur ferðum og hafði mér verið skipad í þá síðustu ásamt Lilju Rafney frá Alþýðubandalaginu, enda hvorutveggja konur í þingmannslausum flokkum. Hvað um það við vorum stilltar (nema hvað) og biðum eftir því að röðin kem að okkur, var okkur ekki mjög rött því veður fór vershandi. Viti menn, fyrst voru flognar tvar ferðir til Hólmavíkur, en svo þurfti að fara til Reykhóla og nái í þingmenn, áður en við tvar yrðum séttar. Heldur gekk brösuglega að fljúga, orðið ófart á Patró, þurftu að lenda á Eildudal og svo framvegis. Auðvitað var orðið ófart til Hólmavíkur þegar vélin átti loks að sekja okkur Lilju.

Nú voru góð ráð dýr klukkan orðin fjögur og við áttum báðar að mata á fund á Þingeyri um kvöldið. Eg var nú búin að satta mig við að óvelja bara á Hólmavík, enda værir ekki um mann á Hotel Matthildi!, þegar þær fréttir bárust að félagi Jón Ólafsson vildi ólmur aka til Þingeyrar með Lilju (og mig) á sinum einkabil. Jón kvaðst vera á bíl með drifi á öllum hjólum þannig að við komumst órugglega yfir Steingrímsfjardarheiði, þótt hún væri talin þungfar. Til óryggis hafði hann samband við lögregluna á staðnum (bróður sinn) og bað um fylgd. Af stað var haldið og vorum við hin bjartsýnustu, en fljótlega kom babb í báttinn (bilinn). Þini fjörhjóladrifni billinn var bílaður, það sauð stóðugt á honum. Við það battist að e þungferara gerðist á heidinni, þar af leiddi að við urðum stopp í næsta skafli. Nú jája ekki dugði það, þá var að tíða eftir lögreglubilnum, sem því miður reyndist vera algjör slæði og festist líka. Eftir mikil stred vorum við að gefast upp og atludum að snúa við, en þá birtust út úr sortanum vörubíllar á leið til Hólmavíkur og gátum við ekki í fórunum þeirra, þókk sé farsíma veðinguðinna þá fréttist af okkur í baslinu og kom bóni úr Djúpinu á móti okkur og kom okkur Lilju í Reykjanes, en þeir Hólmavíkur braður snru til síns heima. Það var nú gott að komast í hús en ekki var allt búið enn.

Kosningastýrnar okkar ákváðu að fljótlegast væri að senda bát eftir okkur enda löng keyrsla frá Reykjanesi á Isafjörð og ekkert sérstaklega gott veður. Okkur leist nú ekki meira en svo á blikuna að fara sjóleiðina því það var talesverð alda og við ekki mjög sjóhrauster, en báturinn og skipstjórinн voru af bestu gerð og allt gekk vel. Ekki komum við á Isafjörð fyrr en klukkan tíu um kvöldið og vorum þá búnar að missa af fundinum á Þingeyri og auðvitað misstum við af Tálknafirði fyrr um daginn.

Við vorum að vönnum óskaplega gláðar að vera komnar á heimaskóðir, en gettu nái. Það atvikaðist þannig, en kom ekki í ljós fyrr en næsta dag, að við Lilja burfum báðar að fara aftur til baka í Reykjanes og tala á fundinum þar, þann sama dag.

Enn var ekkert flugveður þannig að aftur burftum við að fara í bátsferð, og í hálfu verra veðri en daginn áður.. Úff.. Það var nú næsta mildi að enginn vard sjáveikur því það var haugasjör. Þegar við lögðumst að bryggju í Reykjanesi þá var fjara og bryggjuhausinn i tveggja metra hæð yfir bordstoknum og neyddust virðulegir frambjóðendurnir til klifra upp eftir dekkjum og skriða upp á bryggjuna. Eins gott að það var engin í pílsi og/eða háheluðum skóm. Fundurinn tók sína fjóra tíma en sem betur fer voru Djúpnenn engir aftirbátar Arneshreppingu hvað varðar viðurgjörning.

Veðrið hafði heiur skánað þegar fundurinn var búinn og hafði Herði flugmanni tekist að fljúga í Reykjanes og beid eftir okkur því klukkan var orðin átta og fundurinn í Súðavík átti að hefjast von braðar. Upphófst nú ein erfiðasta flugferð sem eg hef farið í. Engu líkara var, en að máttarvöldin varu í jójó með velina okkar. Tók þó fyrst steininn úr, þegar Hórdur flugsjóri, sem hefur áratuga reynslu, herti satisbeltið á miðri leið og sagði að nú fyrst yrðu læti!. Sem betur fór tók flugið ekki nema 10 minútum, en stundum er hver minúta eins og heill mánuður!!!. Lokapunktur dagsins var svo enn einn maraþon fundurinn, þar sem við áttum auðvitað að sýna allt okkar besta, ja mikil er á sig lagt.

Eftirlieikurinn var næsta auðveldur, þrír fundir á þremur dögum og bara á tveimur stöðum. Við eignuðumst jú þingkonu (og Lilja sinn þingmann) og það gerði allt baslid vel þess virði að leggja á sig.

En í guðanna þanum, ekki aftur vetrarkosningar!, og VID eru að hugsa um að taka að okkur skipulagninguna næst!!!.

Baráttukvedjur, Ágústa .

Skyfsta Vesturlandsþing

Elisabet Haraldsdóttir.
Odða, Hvanneyri.
311 Borgarnes.

Kvennalistinn,
b/t Kristínar Halldórsdóttur,
fax 91-27560

A fyrsta félagsfundi okkar 29.1.1991 mætti Kristín Halldórsdóttir, hélt hún yfir okkur hugvekjú, sem svo sannerlega stappaði í okkur stálinu. Hún segði okkur hvað það væri henni mikils virði að starfa innan þessars samtaka og endaði á því að segja "það eins sem getur bjargað heiminum er að lifssýn kvenna komist í öndvegi". Fleira var rætt. En kosningarnar framundan voru okkur ofarlega í hugsa.

Þann 28.febrúar var framboðslistinn tilbúinn og samþykktur. Stofnaðir voru vinnuhóper og þær með hófst undirbúningur fyrir kosningar. A næsta fundi var Sigrún Sigurðardóttir á Krossi ræðin í sterf kosningastýru. Það var mikið unnið á öllum stöðum, konurnar í efstu sætum voru ónnum kafnar við undirbúning pólitiskra funda og vinnustadafunda, en hinarr unnu að gerð árðurssnepla og við undirbúning ýmis konar.

Kristín Einarasdóttir var með fund á Akranesi um EB og nafna hennar Asgeirsdóttir vildi fræða konur í Stykkishólmum og Hellissandi um kvennasöguna, en það voru því miður fáir sem mættu. Við sem mættum urðum hins vegar ekki fyrir vonbrigðum.

Fundur um heimilisíðnað var heldinn á Hvanneyri. Tilefnið var bingsályktunartillega Kvennalistans og Snjólaugur Guðmundsdóttur um heimilisráðgjafa. Til þess að ráða þessi mál með okkur fengum við frábærar konur, sérfræðingar í ullarmálum, hver á sínu svíði. Það voru þær Jóhanna Pálmarðóttir kennari í ullariðnaði á Hvanneyri, Helga Thoroddsen ullarsérfræðingur, Asrún Kristjánsdóttir deildarstjóri í textildeild Myndlista- og handíðeskóla Íslands og þær Sif Schalen markaðsfræðingur og Guðrún Gunnarsdóttir hönnuður hjá Alafossi. Fundurinn var sé fjölmennasti sem við stöðum að. Þarna fengum við að sjá og heyra margt um ull, unna á nýjan og gamlan máta, allit frá því að vera reyfi og komin í ullarvoðir, flikur og listvefnad. A fundum með okkur kynnti Danfriður sérstaklega mennta- og landbúnaðarmál sem voru mikið í brennidepli. Hún ræddi meðal annars tillögu um fjerðinnslustofur og benti jafnframt á þá staðreynd, að heimilisíðnaður byrfti að vera tekjuskapandi fyrir þá sem hann stunda.

Eftir kosningar vorum við vonsviknar, því okkur fannst við vera með mjög frambærilegar konur í efstu sætum, sem stöðu sig sérstaklega vel á sameiginlegum framboðsfundum. Sérstaklega vorum við reiðar að missa Danfriði út af þingi og óneitanlega vekti betta upp spurningar um hvað hefði farið Úrskeiðis.

19. Júní var grillveislæ hjá Rósu Vigðósdóttur í Rauðanesi og í sumar var farið í söluferð með tómata og fleira. En í haustþyrjun fórum við galvaskar af stað, héldum fróðlegan og hressandi fund með þeim Kristinu Asgeirsdóttur og Kristinu Einarasdóttur. I nýja framkvæmdaneftnd voru kosnar þær Rósa, Berta, Britt og Sigriður. Nú stendur til að opna zlugga í allar áttir og hleypa inn nýjum straumum fyrir vetrarstærfið.

Kveðja. Elisabet

Skýrsla Reykjanésanga Kvennalistans

Lögð fram á landsfundi í Félagsheimili Seltjarnarnes

16. nóvember 1991.

Frá síðasta landsfundi hefur Reykjanésangi haldið 8 félagsfundir, þar af 1 sameiginlega með Reykjavíkuranga. Auk þess, eins og vera ber á kosningaári, hafa verið fjöldi lista- kosninganefnda og framboðsfunda.

A félagsfundum höfum við fengið margar góðar konur til að halda erindi sem öll hafa verið athyglisverð og fróbleg svo sem; Móðurréttur- föðurréttur Helga Sigurjónsdóttir, Konur og völd Elísabet Andrésdóttir, Verkefni um einelti sem Margrét Arnljótsdóttir sagði frá og Jafnréttisverkefni í grunnskólum sem Bryndís Guðmundsdóttir sagði frá.

Framboðslisti var lagður fram í endanlegri útgáfu á félagsfundi í Café Garði, Garðabæ 14. janúar og samþykktur. Á sama fundi var tilnefnd 10 kvenna kosninganefnd.

Kosningaskrifstofa var tekin á leigu til tveggja mánaða (1.3. - 30. 4.) í Hamraborg 1-3, Kópavogi. Húsnæðið var nógum stórt til að halda þar kosninganefndar-, lista- og félagsfundi. Kosningastýrur voru ráðnar þær Hafdís Benediktsdóttir og Anna Margrét Guðjónsdóttir. Til fjárfelunar seldum við blóm, vörur og vorum með kökubasar og Sumarkaffi á Sumardaginn fyrsta. Á laugardags eftirmiðögum höfðum við opið hús og allan kosningardaginn líka. Gefið var út blað sem dreift var í hvert hús í kjördæminu auk margra dreifirita sem við afhentum á framboðsfundum, fyrir utan verslanir og á fórum vegi og þá notuðum við tækifærið og kynntum Kvennalistann og stefnu hans um leið.

Kosningarnar gáfu okkur þá gleðilegu útkomu að halda þingkonunni okkar þrátt fyrir sterka og landsþekkta frambjóðendur frá öðrum framboðum.

1. maí vorum við síðan aftur húsnæðislausar og háir það vissulega Reykjanésanga mikið að hafa ekki fastan samastað fyrir starfsemi sína, en þrátt fyrir það að Anginn kom ekki út með skuld eftir kosningar var ákveðið, eins og samrýmist gjörðum hinnar hagsýnu húsmóður, að spara með þessu móti að minnsta kosti í bili. Þetta býðir að félagsfundir eru haldnir til skiptis í bæjarfélögnum og er þá oft á tíðum um langar vegalengdir að fara fyrir konur og því fylgir auðvitað kostnaður sem konurnar bera sjálfar.

Félagsgjöldin eru kr. 2.400.- sem greiðast í tvennu lagi. Reykjanесangi hefur átt því láni að fagna að hafa til langs tíma haft sama gjaldkerann, sem hefur staðið sig með sannri prýði og alltaf látið vita um fjárhagsstöðu angans í hvert sinn sem hún hefur verið beðin um það og við því getað fylgst vel með og hagað útgjöldum eftir því.

Vetrarstarfið hófst með félagsfundi í Keflavík 24. september. Þar hélt Anna Ólafsdóttir Björnsson erindi um Róbinson Krúsó og Kvennalistann (athyglisvert erindi það) á meðan fundarkonur gerðu "grindarbotnsæfingar" !!!!!!! Á þessum fundi var væntanlegur landsfundur ræddur og landsfundarnefndarkonur sögðu frá hugmyndum sínum og báru undir hinum.

Sigrún Jónsdóttir kom inn á þing í nóvember 1990 fyrir Önnu, Sigrún lagði fram frumvarp um lengingu fæðingarorlofs. Kristín Sigurðardóttir, sem er varapringkona okkar nú, kom inn á þing í október s.l. í staðinn fyrir Önnu á meðan hún var á þingi Sameinuðupjóðanna. Kristín lagði fram frumvarp um afnám tvísköttunar á lífeyri og er það nú til umfjöllunar í þingnefnd.

Framkvæmdaneftir Reykjanесanga.